

Boð á norræna ráðstefnu

Fjármálakreppan, húsnæðis- markaðurinn og heimilin

Hótel Nordica, 26. nóvember 2009

Hver eru áhrif alþjóðlegu fjármálakreppunnar á húsnæðismarkaði á Norðurlöndum? Hverjar eru afleiðingarnar fyrir velferðarkerfin? Hvað þýðir þessi óheillaþróun fyrir afkomu heimilanna? Hver verður stefnumótun landanna í húsnæðismálum í kjölfar breyttra forsendna?

Leitað verður svara við þessum mikilvægu spurningum á ráðstefnu sem haldin verður á Hótel Nordica 26. nóvember nk. Ætlunin er að varpa ljósi á sérstöðu norrænu ríkjanna í húsnæðismálum og hliðstæður og leitast við að sjá fyrir þróunina í nánustu framtíð frá norrænum og alþjóðlegum sjónarhóli.

Eins og kunnugt er hefur byggingariðnaður og húsnæðismarkaður á Norðurlöndum verið í frjálsum falli á síðustu mánuðum sem aftur hefur leitt til vaxandi atvinnuleysis og verðhruns á húsnæði. Á ráðstefnunni verður sjónum beint að afleiðingunum þessa fyrir samfélagið, húsnæðismarkaðinn og heimilin.

Gwilym Pryce, prófessor við háskólann í Glasgow, mun flytja erindi um stöðu húsnæðismála í Evrópu í dag og sérfræðingar frá öllum norrænu ríkjunum munu fjalla um brýnustu viðfangsefni og tækifæri í stöðunni.

Ráðstefnan er kjörinn vettvangur fyrir stjórnámamenn, stjórnendur, fræðimenn og aðra fagaðila á sviði húsnæðis- og skipulagsmála á Norðurlöndum til að bera saman bækur sínar.

Ráðstefnan er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar en Íslendingar gegna formennsku í nefndinni á árinu 2009. Félags- og tryggingamálaráðuneytið skipuleggur ráðstefnuna í samstarfi við Íbúðalánasjóð og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Ráðstefnan er öllum opin. Erindi og umræður verða á Norðurlandamálum og ensku og er boðið upp á túlkun á Norðurlandamálum.

Nánari upplýsingar á vefsíðunni fel.stjr.is/bolig og hjá Þórdísi Yngvadóttur hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu í síma 545 8100 eða með tölvupósti á netfangið thordis.yngvadottir@fel.stjr.is.

Skráning: yourhost.is/bolig2009.

LÁRA T. BJÖRNSDÓTTIR

Lára Björnsdóttir
formaður norrænu embættismannanefndarinnar
um félags- og heilbrigðismál
hjá Norrænu ráðherranefndinni (EK-S)

Nánari upplýsingar má sjá á fel.stjr.is/bolig

